

Nefndarálit

um till. til þál. um átak í rannsóknum á loftslagsbreytingum við Norður-Atlantshaf.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórð Þórarinsson, framkvæmdastjóra Vestnorræna ráðsins.

Tillagan var send til umsagnar og bærust umsagnir frá Hafrannsóknastofnuninni, Háskólanum á Akureyri og Veðurstofu Íslands.

Með tillögunni er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að semja framkvæmdaáætlun um markvisst átak í rannsóknum á loftslagsbreytingum við Norður-Atlantshaf. Með ályktun nr. 3/2004 á ársfundi 20.–24. ágúst 2004 samþykkti Vestnorræna ráðið að hvetja ríkisstjórn Íslands og landsstjórnir Færeyja og Grænlands til að móta í sameiningu framkvæmdaáætlun til að efla markvisst átak í rannsóknum á loftslagsbreytingum við Norður-Atlantshaf.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt**.

Alþingi, 5. apríl 2006.

Halldór Blöndal,
form., frsm.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Stefánsson.

Drífa Hjartardóttir.

Jón Gunnarsson.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.